

LÖG

**um breyting á lögum nr. 104/1988, um breytingu á lögum nr. 59/1983,
um heilbrigðisþjónustu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 104/1988 orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði skal frestur þessi standa til loka júnímánaðar 1990.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 80 15. ágúst 1966,
um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Hlutafélaginu er enn fremur ætlað, á eigin vegum, með þátttöku í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja, að tryggja vöxt fyrirtækisins með arðvænlegum fjárfestingum í skyldum greinum og öðrum greinum atvinnurekstrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.